



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga og
landshlutusamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 2. mars 2015

1412006SA KB/mkh

Málalykill: 002

Efni: Boðun XXIX. landsþings sambandsins

Samkvæmt 7. gr. samþykktá Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutusamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXIX. landsþings sambandsins föstudaginn 17. apríl nk.

Landsþingið verður að þessu sinni haldið í Salnum í Kópavogi og hefst það kl. 10 að morgni og stefnt er að því að þingstörfum ljúki milli kl. 15 og 16 síðdegis. Að þinginu loknu hefst aðalfundur Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. á sama stað, en þar eiga allir sveitarstjórnarmenn seturétt. Að loknum aðalfundi lánaþjóðsins býður sjóðurinn til móttöku í anddyri Salarins. Til aðalfundar lánaþjóðsins verður boðað með sérstöku bréfi frá sjóðnum.

Dagskrá landsþingsins verður send fulltrúum á landsþinginu þegar nær dregur, en stjórn sambandsins hefur samþykkt að meginumræðuefni þess verði svæðasamvinna sveitarfélaga, efling sveitarstjórnarstigsins, endurskoðun kosningalaga og staðan í viðræðum ríkis og sveitarfélaga um endurmat á þjónustu við fatlað fólk.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára sem gildir út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktá sambandsins. Meðfylgjandi er listi yfir landsþingsfulltrúa sveitarfélaganna, samkvæmt kjörbréfum sem sveitarfélögini hafa sent sambandinu eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2014. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 31. mars 2015.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

AKRANESKAUPSTAÐUR				
Skj.nr.	50.20.2	Mótt. af	ahj	Mótt. dags
Áb.m.	RÁ	Úrv. aðili	STA	- 4 MARS 2015
Símtal		Tölvup.		Fax
Svarfr.		Trún.mál		Fskj.
Málsnr.	1501335			
One				